



Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit vegna efnistöku ofan við Björg í Reyðarfirði

Guðný Zoëga

Rannsóknarskýrslur 2023/004

Forsíðumynd: Horft til suðurs yfir hluta deiliskipulagssvæðisins.

© Guðný Zoëga.

Efnisinnihald

Inngangur	1
Tilgangur fornleifaskráningar	1
Aðferðafræði	2
Lýsing á svæðinu.....	2
Sómastaðir – ágríp af sögu	3
Fornleifaskrá.....	3
Minjar innan svæðis	3
Minjar innan svæðis	6
Samantekt	9
Heimildaskrá	10

Inngangur

Að beiðni skipulagsyfirlvalda í Fjarðabyggð var gerð fornleifaskráning á deiliskipulagsreit ofan við Björg, klettabelti í fyrrum landi Sómastaða í Fjarðabyggð. Á deiliskipulagskortu er reiturinn merktur E-34 og er þar fyrirhuguð efnistaka.

Vettvangsskráning fór fram 11. apríl 2023 og var í höndum Guðnýjar Zoëga, fornleifafræðings.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 2980

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða fyrirhugaðra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.¹ Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirlvald hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsést.

¹ Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Aðferðafræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyru, auk sameiginlegs verkefnanúmers (í þessu tilfelli 2980) sem Minjastofnun Íslands úthlutar og svo hlaupandi númer. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðræktar eða landrofs. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningastöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tæki sem gefur nákvæmni undir 1m í skekkju. Afstöðumynd af minjum er að finna í meginmáli en yfirlitsmynd af svæðinu er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaðan aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minja, þar sem hún er þekkt, gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93). Loftmyndir af svæðinu eru frá Loftmyndum ehf, fengnar hjá sveitarfélaginu Fjarðabyggð.

Lýsing á svæðinu



Mynd 1. Yfirlitsmynd sem sýnir legu skipulagssvæðis (rauð lína). Skráðar minjar eru gulir punktar innan svæðis. Hægra megin á mynd eru mannvirki vestast á lóð álvers Alcoa. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Deilskipulagsreiturinn (nr. E34 á skipulagsuppdraetti) nær yfir 3,4ha svæði og liggur ofan og vestan við Björgin, skáhallandi klettabelti sem liggur frá fjöru til norðausturs, vestanvert í fýrrum landi Sómastaða. Svæðið er að mestu uppblásnir móar en þó að hluta til berar klappir.

Sómastaðir – ágríp af sögu

Sómastaðir eru ofan þjóðveggar og ofan álvers Alcoa í Fjarðabyggð. Bærinn var fyrrum í Reyðarfjarðarhreppi og er fyrst getið í landamerkjabréfi frá 1555². Jörðin var kristfjárförð og metin 16 hundruð í jarðatali 1847.³ Bylið er nú komið í eyði og eina húsið sem eftir er, er gamalt grjóthlaðið íbúðarhús, byggt árið 1875 af Hans Jakobi Beck, bónda á Sómastöðum.⁴ Húsið er í Húsasafni Þjóðminjasafnsins og í umsjón þess. Hjáleigur frá Sómastöðum voru Sómastaðagerði og Framnes.

Fornleifaskrá

Minjar innan svæðis

Sómastaðir 2980-001

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Steinalögn

Hættumat: Mikil hætta vegna framkvæmda

Staðhættir

Þrjár skeifulaga steinalagnir liggja í röð frá norðri til suðurs í uppblásnum móa 15-30m vestur af Björgum, ofan við gamla þjóðveginn um 200m ofan við núverandi þjóðveg.

Lýsing

Nyrsta mannvirkið er 7m langt frá austri til vesturs

og 6m frá norðri til suðurs. Það hefur verið opið til vesturs. Um er að ræða einfalda grjótröð, sumstaðar nokkur umför af grjóti sem mynda hálf-hringlaga eða skeifulaga steinalögn. Steinalögnin er allt frá því að vera einföld röð af steinum upp í 50cm þar sem hún er breiðust. Innan við grjótröðina og samsíða henni er síðan um 50cm breitt þjappað svæði með mól. Jarðvegur er þarna mýrarkenndur en mölin hefur verið lögð ofan á striga og myndar nokkurskonar pall innan við hleðsluna sem hægt er að ganga á.

Aðrar upplýsingar

Óvíst er hvaða mannvirki er um að ræða en líklegt er að það tengist setu herliðs á svæðinu. Á svæðinu við og austan klettanna er að finna nokkuð af leifum um setu herliðsins, skotbyrgi, grunna undan bröggum o.fl..

Sómastaðir 2980-002



Mynd 2. Horft í SV yfir leifar efstu hleðslunnar innan svæðis [2980-001].

² Ísl. Fornbréfasafn, XIII, bls. 76.

³ J. Johnsen, 1847, bls. 375

⁴ Sveitir og jarðir í Múlapingi, 3. bindi, bls. 139.

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Steinalögn

Hættumat: Mikil hætta vegna framkvæmda

Staðhættir



Mynd 3. Horft í SV yfir leifar mið hleðslunnar innan svæðis [2980-002].

Þrjár skeifulaga hleðslur liggja í röð frá norðri til suðurs í uppblásnum móa, 20 m vestur af Björgum. Minjarnar eru ofan við elsta þjóðveginn sem lá um klettana, um 200m ofan við núverandi þjóðveg. Um 20m neðan (sunnan) við minjar [2980-001] er annað samskonar mannvirki.

Lýsing

Mannvirkið er 7m langt frá austri til vesturs og 7m frá norðri til suðurs. Það hefur verið opið til vesturs. Norður hluti steinalagnarinnar nær styttra til vesturs en suður hlutinn.

Um er að ræða einfalda grjótröð, sumstaðar nokkur umför af grjóti sem mynda hálf-hringlaga eða skeifulaga steinalögn. Hleðslan er allt frá því að vera einföld röð af steinum upp í 50cm þar sem hún er breiðust. Innan við grjótröðina og samsíða henni er síðan um 50cm breitt þjappað svæði með mól. Jarðvegur er þarna mýrarkenndur en mölin hefur verið lögð ofan á striga og myndar nokkurskonar pall innan við hleðsluna sem hægt er að ganga á.

Aðrar upplýsingar

Óvíst er hvaða mannvirki er um að ræða en líklegt er að það tengist setu herliðs á svæðinu. Á svæðinu við og austan klettanna er að finna nokkuð af leifum um setu herliðsins, skotbyrgi, grunna undan bröggum o.fl..

Sómastaðir 2980-003

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Steinalögn

Hættumat: Mikil hætta vegna framkvæmda

Staðhættir

Þrjár skeifulaga hleðslur liggja í röð frá norðri til suðurs í uppblásnum móa, 15-30m vestur af Björgum. Þær eru ofan við gamla þjóðveginn og um 200m ofan við núverandi þjóðveg. Um 12m neðan (SV) við



Mynd 4. Horft til suðurs yfir leifar hleðslu [2980-002].

minjar [2980-003] er svo þriðja samskonar mannvirkið.

Lýsing

Syðsta mannvirkið er 7m langt frá austri til vesturs og 7m frá norðri til suðurs. Það hefur verið opið til vesturs. Um er að ræða einfalda grjótröð, sumstaðar nokkur umför af grjóti sem mynda hálf-hringlaga eða skeifulaga Steinalögn. Steinalögnin er allt frá því að vera einföld röð af steinum upp í 50cm þar sem hún er breiðust. Innan við grjótröðina og samsíða henni er síðan um 50cm breitt þjappað svæði með mól. Jarðvegur er þarna mýrarkenndur en mölin hefur verið lögð ofan á striga og myndar nokkurskonar pall innan við hleðsluna sem hægt er að ganga á. Kolamolar voru á stöku stað við hleðsluna.

Aðrar upplýsingar

Óvíst er hvaða mannvirki er um að ræða en líklegt er að það tengist setu herliðs á svæðinu. Á svæðinu við og austan klettanna er að finna nokkuð af leifum um setu herliðsins, skotbyrgi, grunna undan bröggum o.fl..

Sómastaðir 2980-004

Hlutverk: Leið

Tegund: Bílvegur

Hættumat: Mikil hættu vegna framkvæmda

Staðhættir og lýsing

Ruddur vegur liggur upp brekku til vesturs upp af svokölluðu Sandskeiði ofan við bæinn Framnes. Stórgrýti markar hliðar hans þar sem hann liggur upp brekkuna. Á þeim kafla er vegurinn vel varðveittur. Þar sem hann liggur í gegnum framkvæmda-svæðið er hann hins vegar illa farinn.

Aðrar upplýsingar

Gamli þjóðvegurinn lá upp í gegn um Björgin um 100m neðan þessa vegspotta. Óvíst er hvort að þetta er elsti hluti þjóðvegur eða hvort hann hefur verið ruddur í tengslum við umsvif hersins. Í sveitum og jörðum (3. Bindi, bls. 139) segir: „Eftir að Fagradalsbrautin var lögð [1919], urðu litlar samgöngubætur innan

sveitar fyrr en 1928, að byggð var brú á Eskifjarðará. Á árunum 1928-1930 er svo unnið að því að gera akfært milli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar. Þann 17. Júní 1940 tók brúna af Eskifjarðará í miklum vatnavöxtum, og varð það til þess að breski herinn, sem þá var nýkominn til Eskifjarðar, flutti aðalbækistöðvar sínar inn á Reyðarfjörð.“



Mynd 5. Horft til austurs yfir ruddan veg [2980-004], mögulega hluta þjóðvegur sem lagður var 1928. Álver Alcoa í baksýn.

Minjar innan svæðis



Mynd 6. Horft til austurs yfir hálfhruninn grjóthlaðinn vegg [2980-005] fremst á klettabrún.

Sómastaðir 2980-005

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir

Leifar af hlöðnum vegg eru á klettabrún, 50cm beint vestur af hleðslu [2980-002].

Lýsing

Hleðslan er heldur óvönduð og hrunin. Hún liggur í hálfboga frá norðri til suðurs. Hæð er um 60cm og þykkt um 70cm þar sem hún er breiðust.

Aðrar upplýsingar

Þetta er óvönduð hleðsla, líklega einhverskonar varnarveggur.

Sómastaðir 2980-006

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft, hleðsla

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir

Um 15m ofan við gamla veginn [2980-004], á sléttuðu svæði neðan kletta er hlaðin tóft.

Lýsing

Tóftin liggur á sléttaðri flöt vestan kletta og mynda þeir vesturvegg tóftar. Stórum steinum hefur verið raðað ofan á klöppina vestan til og mynda þeir nokkurs konar vegg. Veggir eru annars úr smærra grjóti. Hleðslan afmarkar ferkantaða tóft um 6x6m að utanmáli en innanmál tóftar er þó einungis um 3x4m. Veggir eru heldur óvönduð smíð, þeir eru allt að 80cm




Mynd 7. Horft til NA yfir hlaðna tóft [2980-006], líklega skotbyrgi, austan undir Björgum.

á hæð og 1m á breidd þar sem þeir eru breiðastir. Austurveggur hefur þó hrunið að miklu leyti til austurs niður brekku. Dyr eru á hleðslunni til norðurs og austan hennar er veggur sem liggur frá tóftinni á 3m kafla til norðurs. Hún myndar 2x2,5m hólf upp við klettinn.

Aðrar upplýsingar

Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en líklega er þarna um að ræða skotbyrgi frá stríðsárunum.



Mynd 8. Hlaðið byrgi [2980-007] skammt ofan vegar. Horft í suður.

Sómastaðir 2980-007

Hlutverk: Óþekkt, skotbyrgi?

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir

Þrjár hleðslur eru við dokkir í klettunum um 3m ofan gamla vegarins [2980-004].

Lýsing

Vestasta hleðslan er 2ja metra löng, hlaðin sunnan við dokk í klettana og myndar þannig hólf upp við klettana um 2x3m að stærð. Hleðslan er einungis röð af steinum raðað í bil milli klettanna. Hleðslan er um 40cm þar sem hún er hæst en rétt um 40cm að þykkt.

Aðrar upplýsingar

Hlutverk hleðslunnar er ekki þekkt en vera kann að þetta sé einhverskonar skotbyrgi frá stríðsárunum.



Mynd 9. Hlaðið byrgi [2980-008] skammt ofan vegar [2980-004]. Horft í SV.

Sómastaðir 2980-008

Hlutverk: Óþekkt, skotbyrgi?

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Hætta

Staðhættir

Þrjár hleðslur eru við dokkir í klettunum um 3m ofan gamla vegarins [2980-004].

Lýsing

Mið hleðslan liggur 3m ofan við hleðslu [2980-007]. Hún er 2ja metra löng og hlaðin sunnan við dokk í klettana og myndar þannig hólfið upp við klettana um 2x2m að stærð.

Aðrar upplýsingar

Hlutverk hleðslunnar er ekki þekkt en vera kann að þetta sé einhverskonar skotbyrgi frá stríðsárunum.

Sómastaðir 2980-009

Hlutverk: Óþekkt, skotbyrgi?

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Hætta

Staðhættir

Þrjár hleðslur eru við dokkir í klettunum um 3m ofan gamla vegarins [2980-004].

Lýsing

Austasta hleðslan liggur um 7m austan við hleðslu [2980-007] og 5m SA við hleðslu [2980-008]. Hún er 2ja metra löng, hlaðin sunnan við dokk í klettana og myndar þannig hólfið upp við klettana um 2x2m að stærð.

Aðrar upplýsingar

Hlutverk hleðslunnar er ekki þekkt en vera kann að þetta sé einhverskonar skotbyrgi.



Mynd 10. Hlaðið byrgi [2980-009] skammt ofan vegar. Horft í vestur.

Sómastaðir 2980-010

Hlutverk: Varða

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir

Vörðuhrúgald er efst á kletti, 20m suður af gamla veginum sem liggur í gegn um framkvæmdasvæðið.

Lýsing

Þarna hefur nokkrum stórum steinum verið safnað saman og smærri steinum hrúgað ofan á.

Aldur vörðunnar er óviss en hún gæti verið frá sama tíma og aðrar minjar á svæðinu.



Mynd 11. Horft til austurs yfir vörðuhrúgald [2980-010].

Samantekt

Alls voru 10 minjar skráðar, í og við deiliskipulagssvæðið. Allar, nema mögulega vegur [2980-004] og varða [2980-010], eru frá hernámsárunum í Reyðarfirði (1940-1945). Engar minjanna geta með vissu talist til fornleifa skv. 100 ára reglu menningarminjalaga (miðast við árið 1923) og falla því ekki undir verndarákvæði þeirra.⁵ Minjarnar voru þó skráðar þar sem leifar um hersetuna eru mikilvægur minnisvarði um sérstætt tímabil í sögu Austurlands og landsins alls. Auk minjanna á og við deiliskipulagssvæðið má finna nokkurn fjölda annarra mannvirkjaleifa frá stríðsárunum í Reyðarfirði. Áhugavert væri að meta fjölda þeirra og umfang og setja í samhengi við aðrar minjar sem finna má á Íslenska Stríðsárasafninu sem staðsett á Reyðarfirði.

Engar upplýsingar um ætlaða landnotkun á svæðinu lágu fyrir, aðrar en að þar muni fara fram efnistaka. Þrjár hleðslur [2980-001, 002 og 003] og leifar af vegi [2980-004], eru inni á skipulagssvæðinu og munu væntanlega hverfa við framkvæmdirnar. Aðrar skráðar minjar eru í námunda við skipulagssvæðið og gætu því verið í hættu vegna umferðar stórvirkra vinnuvéla.

Þó svo að minjarnar sem skráðar voru teljist ekki til fornleifa verður að ítreka að þótt fornleifar sjáist ekki á yfirborði kunna þær að leynast neðanjarðar. Komi þær í ljós við framkvæmdir ber að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem fer með stjórnsýslu minjaverndar á Íslandi.

⁵ 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80, 2012. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir:

Íslenskt Fornbréfasafn. Diplomatarium Islandicum. XIII. bindi. Reykjavík: Félagsprentsmiðja, 1933-1939.

Johnsen, J (1847). *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn.

Sveitir og jarðir í Múlapingi 3. bindi. (1976). Reykjavík: Búnaðarsamband Austurlands.

Örnefnaskrár:

Örnefnaskrá Sómastaða. Skráð af Stefáni Einarssyni eftir Hans Jacob Beck. Örnefnastofnun Íslands.

Netsíður:

Lög um menningarminjar á vef alþingis. Skoðað 26.06.2020

Sótt af: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Minjastofnun Íslands

<https://www.minjastofnun.is/>

Skipulagsvefsjá Fjarðabyggðar

<https://map.is/fjardabyggd/>

Fylgiskjöl

Yfirlitsmynd af minjum á svæðinu



Minjar á deiliskipulagssvæði - hnitaskrá

Númer	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
2980-001	óþekkt	steinalögn	1940	1945	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	728741	512235
2980-002	óþekkt	steinalögn	1940	1945	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	728737	512212
2980-003	óþekkt	steinalögn	1940	1945	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	728746	512196
2980-004	bílvegur	leið	1940	1945	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	728749	512175
2980-005	óþekkt	hleðsla	1940	1945	vel greinanleg	hætta	framkvæmdir	728792	512218
2980-006	óþekkt, skotbyrgi	tóft	1940	1945	vel greinanleg	hætta	framkvæmdir	728790	512192
2980-007	óþekkt, skotbyrgi	hleðsla	1940	1945	vel greinanleg	hætta	framkvæmdir	728776	512171
2980-008	óþekkt, skotbyrgi	hleðsla	1940	1945	vel greinanleg	hætta	framkvæmdir	728778	512176
2980-009	óþekkt, skotbyrgi	hleðsla	1940	1945	vel greinanleg	hætta	framkvæmdir	728785	512174
2980-010	varða	hleðsla	1940	1980	vel greinanleg	hætta	framkvæmdir	728757	512147